

L Ö G

um breytingar á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Við 2. gr. A. I. a. bætist:

16. Selá í Nauteyrarhreppi.
17. Laxá í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu.
18. Kálfá í Staðarsveit.
19. Fróðá í Fróðárhreppi.
20. Laxá í Neshreppi.
21. Svelgsá í Helgafellssveit.
22. Svínafossá á Skógarströnd.
23. Hörðudalsá í Hörðudal.
24. Miðá í Miðdölum.
25. Laxá í Hvammssveit.

2. gr.

Við 2. gr. A. I. b. bætist:

3. Vesturdalsá í Miðfirði.
4. Hrolleifsdalsá í Sléttuhlíð.
5. Sandós í Fljótum.
6. Reykjaá í Fljótum.

3. gr.

Við 2. gr. A. I. c. bætist:

16. Hólsselskill á Fjöllum.
17. Jóka í Skriðdal.
18. Haugsá í Skriðdal.
19. Breiðdalsá undan Heydölum.
20. Norðfjarðará í Norðfjarðarhreppi.

4. gr.

Við 2. gr. A. I. d. bætist:

24. Kvía í Öraefum.
25. Prestsfitaráll í Hornafjarðarfljótum.

5. gr.

88

23. júní

Við 2. gr. A. III. bætist:

17. Grímsá í Borgarfirði.
18. Reykjadalsá í Borgarfirði.
19. Kjarlaksstaðaa á Fellsströnd.
20. Búðardalsá á Skarðsströnd.
21. Hvestuvaðall í Dalahreppi í Barðastrandarsýslu.
22. Dufansdalsá í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.
23. Skorará í Grunnavíkurhreppi.
24. Svartá í Tungusveit.
25. Jökulsá eystri í Skagafirði.
26. Laxá í Laxárdal í Skagafirði.
27. Laxá í Mývatnssveit hjá Arnarvatni.
28. Skjálfandafljót hjá Stóruvöllum.
29. Ásavatn í Skaftártungu í Vestur-Skaftafellssýslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.***L Ö G**

89

23. júní

um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Vér Christian hinn Tiundi af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Á árinu 1937 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta tolla þá og gjöld, sem talin eru í 2. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum og í nefndri grein, og einnig að innheimta með 25% viðauka verðtoll þann, sem um ræðir í lögum nr. 132 31. des. 1935.